



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

12. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í útsendingarsal ÚPS-Útvarps Sólheima 9. júní 2023 klukkan 16:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Valgeir F. Backman, fulltrúi Sólheima

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

1. Hátíðarhöld á þjóðhátíðardag Íslands að Sólheimum, 17. júní 2023.

Farið var yfir skipulag hátíðarhaldanna og þau verkefni sem þarf klára fyrir 17. júní.

Nefndin og fulltrúi Sólheima skiptu með sér verkefnum.

Krakkar úr Vinnuskólanum verða á Sólheimum vikuna fyrir hátíðina til undirbúnings.

Listi yfir verkefni sem nefndin óskar eftir að þau geri verður sendur á umsjónarmann vinnuskólans.

Nefndin mun hittast 14. júní til að undirbúa hátíðina.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:00